

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Reykjavík, 3. mars 2022
UST202202-403/B.S.
10.04.02

**Efni: Lýsing. Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 - 2027 – Brekknaheiðarvegur.
Umsögn**

Vísað er til erindis Langanesbyggðar dags. 28. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Umhverfisstofnun telur að í lýsingunni komi fram öll helstu atriði sem máli skipta. Þó ætti að gera grein fyrir afdrifum núverandi vegar. Eru not fyrir veginn að hluta eða öllu leyti eða verður unnt að fjarlægja hann að hluta eða öllu leyti að framkvæmdum loknum. Æskilegt að fyrir liggi áætlanir um efnistöku og frágang allra náma sem nýttar verða við framkvæmdina. Gott væri að gera grein fyrir hvort frekari not verði fyrir námu þar sem unnið hefur verið malarlitlag að framkvæmdinni lokinni og hvort loka megi þeirri námu. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við lýsinguna.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur